

Almenn bílastæði við götukant Þingholtsstrætis á svæðinu frá Amtmannsstíg að Hellu-
sundi, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund fyrir
fyrstu klukkustundina og 20 krónur á klukkustund eftir það, án sérstakra takmarkana á
leyfilegum hámarksstöðutíma. Umrædd bílastæði teljist samkvæmt þessu til gjaldsvæð-
is 3.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2001.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um breytta gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

Nóatún, Brautarholt og Skipholt.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 10. apríl 2001, með tilvísun til 10. gr.
reglna um notkun stöðureita í Reykjavík frá febrúar 1988 og 6. og 8. töluliðar 3. gr. samþykkt-
ar fyrir samgöngunefnd frá október 2000, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gjaldskyld bílastæði við Brautarholt (3 stæði) og Skipholt (4 stæði) austan Nóatúns og
austanvert við Nóatún (7 stæði) milli Skipholts og Brautarholts, þar sem nú eru stöðu-
mælar sem teljast til gjaldsvæðis 2, verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldið
150 krónur og leyfilegan hámarksstöðutíma 60 mínútur.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2001.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps
þann 24. apríl 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Egilsgötu, Marargötu o.fl. í
Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla
fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogum, 20. maí 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.